

Póstmóðernískar bókmenntir

einkenni

Hallgrímur Helgason til athugunar

Um póstmóðernískar bókmenntir segir:

/ engum reglum fylgt í póstmóðernískum verkum / allt er gjaldgengt, frumeintök og eftirlíkingar, höfundartexti, tilvitnanir eða textar annarra höfunda / andstæð skaut þrífast saman í skoðanaskiptum / kaldhæðin, oft meinfýsin íronía eða hæðni áberandi / enginn tekinn alvarlega / deilt er á yfirdrepsskap manna, mont og snobb/ oft bregður fyrir „naív“ eða einfaldri sýn á umhverfið í verkunum / leikur að tungumálinu / málið er hátíðlegt og ruddalegt, nánast sóðalegt / talað mál á að vera jafnrétt hátt hinu skrifaða / mest er um vert að vera sem frumlegastur, alltaf að koma á óvart með ótrúlegustu brellum, hneyksla, „sjokkera“ . . .! (Brynja og Hallfríður, 2007, bls. 267)

Skáldsagan **101 Reykjavík** eftir Hallgrím Helgason er gott dæmi um póstmóðernískt verk. Lestu vel í bókmenntasögu um póstmóðernísk einkenni í verkum og svo skaltu lesa eftirfarandi brot (kennari valdi þrjá kafla og tölumerkti þér til hægðarauka) úr sögu Hallgríms:

(1)

Elsa, nei þú ert ekki Elsa hvernig læt ég, já, hvernig líst ykkur á þetta? hvernig líst ykkur á nýja árið? byrjar bara vel er það ekki, mér líst helvíti vel á þetta, helvíti vel á þetta, þetta verður gott ár, maður er sjálfur einsog nýupptrekk klukka eftir að ég fékk gangráðinn, heyrðu var ég búinn að segja þér Hlynur hvað ég sagði við lækna eftir uppskurðinn, ég spurði þá hvort þetta væru ekki örugglega alkalæn batterí í þessu, ha? ha ha, alkalæn...”

Hann er einsog maður á milli ára, útúr tíma. Mónólógur á milli skips og bryggju. Hann er kominn upp á tröppurnar og ég býð honum sopa til að stoppa hann af en hann afpakkar. Hættur að drekka. Svo hallar hann sér að mér og hvíslar:

„Helvíti hugguleg dama sem þú ert með hérna. . .“

Svo er hann þotinn, ofstilltur gangráður, batteríshjarta sem aldrei mun klárast, sem ganga mun til eilífdar, einsog kanína í Duracell-auglýsingu, fram yfir rauðan dauða berjandi trommuna: Ekki hress? Ekki hress? Ekki hress? Hann kjarar niður tröppurnar og vaggar útá götuna heilsandi öllum og þeim sem með þeim eru, jafn óskiljanlegur og fyr. Svona væru allir á limbótíma.

(2)

Það er heitt áramótapartý hjá Presti, Marra og Þóri. Mexíkanskur hiti í íbúðinni og allir að spegla í sig margarítum. Það móðar ekki fyrir Reykjavík útum rúðurnar. Ice-T hljómar eins og Ice-Tea. Pröstur kom til dyra með Þóri á hausnum einsog hatt. Þannig að. Lolla dansar við Akmeð á stofugólfinu. Ég tala við frú Akmeð (10.000) og læt hana segja mér hvernig hann sé. „Ég hef alltaf fílað svona loðna menn. Hann er líka með miklu harðari hár. Þau irta mann miklu meira.“ Jæja. Árið byrjar með hörðu hári. „Irtu mann meira“. Skrúfur í skál og gellukruð í sófanum. 15, 35 og 50.000. Ég geri undantekningu frá ég-tala-ekki-við-fólk-að-fyrri-bragði-reglunni og svíf á Hósekall og skamma hann fyrir sölutrixíð. „Við gátum rétt haft kveikt á þessum brandara í hálf tíma á aðfangadagskvöld.“ Bára túlkar fyrir hann of flókið mál mitt. Heilagur svindlari Hóse fer undan í flæmingi og segist ekki hafa vitað um sönghæfileika trésins. Ég pressa á hann þar til hann breytir yfir í að „suma vilja þeda mö gaman sko, eggert mal fyr þau...“ Hann endar á því lofa að „taca“ tréð aftur. Ég geti komið með það niðri Port. Eggert Mal. Einmitt. Marri kemur með hvað?-svip. Lolla dregur mig að dansa. Ég dansa ég-er-ekki-að-að-dansa-dans. Lolla er komin í stuð og ýtir við mér, potar í mig, fæðingarblettur á sporbaug í kringum mig. Lolla er ákaflega lifandi í kvöld. Ég nota tækifærið þegar hún fær lánaðan smók hjá Marra og lít yfir í sófann á 50.000 og fer óvart í vasann um leið. Bara með 1500 á mér. Gónið horfir á mig með og-ég-tek-ekki-kort-svip. Rósi og Gulli í stofugættinni. Lolla faðmar þá kófsveitt með gleðilegu hári og heldur áfram að dansa. „Kaya.“ Bob Marley. Raggý í kofanum. Rósi er í rottu-tengdum búningi „af því að í kínverska tímatalinu þá er ár rottunnar núna“. Pröstur kemur úr eldhúsinu með eðluna framan í sér. Hún liggur niður nefið á honum og heldur sér dauðahaldi í nasavængina. Halinn lafir niður af þrastarhökunni einsog nýr og betri hökutoppur. Stelpu (20.000) finnst þetta sniðugt og talar barnamál við Þóri. Pabbi sést ekki. Ekki séð hvað Sara sagði. Lolla dansar ein á stofugólfinu. Nokkrir partý-statistar á ganginum. Það virðist vera regla að þegar ég fer á klósett í samkvæmi birtist Hófi þegar ég kem aftur fram. Einsog í ævintýri: Ég sturta niður og hún birtist. Genie. Hún er í síðum kjól. Með slöngulokka og áramótastrimla úr Garðabæ um hálsinn. Fyrstu hæ ársins. Og takk fyrir jólagjöfina. Ég geri grein fyrir afdrifum Mömmu og svara fyrirspurnum um jafninginn. Hófi hugsar til okkar. Það er móðir í henni. Það er tvennt sem ég fíla í konum. Mella og mamma. Ein fyrir kynlífið og hin fyrir allt hitt. Það er bara málið að það eru engar mellur á Íslandi. Ég hef aldrei farið til mellu. Reyndi það einu sinni í London en kjúklingaðist útúr því á síðustu stundu. Tilhugsunin um Mömmu

affiðraði mig í dimmum gangi í Sóhó. Berglindin birtist fyrir enda hans, með spælt egg á pönnu. Og þetta var fyrir eids. Ég var meiraðsegja búinn að borga og allt. Kanski eini maðurinn í karlmannkynssögunni sem hefur borgað fyrir að sofa ekki hjá melli. Framleiðslan þann daginni endaði í nálægum gægjuklefa. Á þunnu þili úr appelsínugulu ensku harðplasti. *To all the walls I loved before . . .* Þróstur sagði einu sinni að þetta væri „ágætt“, að fara til melli, en „þú kyssir ekki“. Maður kyssir ekki mellur, frekar en mömmur. Þær eiga það sameiginlegt. Ekki það að það sé einhver eftirsjá í tunguföndrinu. Kossar eru fyrir kærustur. Ég hef átt tvær leiðinlegar kærustur. Mér hefur alltaf leiðst frekar að kyssa en þegar það er komið úti það að maður er farinn að horfa á sjónvarpið á meðan, þá segir maður bless. Hey. Kanski ná sér í mellumömmu? Það er engin mella í Hófi en það er mömmu-element í henni. Maður er bara búinn að setja of margar tegundir í þessa bollu. Kunningjakona, vinkona, kærasta, hjásvæfa, ásvæfa, og nú fjölskylduvinur og jólagjafagefari. Þett er orðið of ruglað. Mömmubragðið hverfandi. Ég vil eitthvað hreint og tært. Ást? Ást einsog þetta viskú: Tvöfalda, sterka og dræ. Ég verð aldrei ástfanginn. Katarina.

(3)

Man í sumar þegar ég var að koma útaf vídeóleigunni á Frakkastígnum og staldraði óvart við á þröskuldinum, með tvær spólur undir hendinni, Steve Martin og Michelle Pfeiffer (2.900.000), og það var svona logn, aðeins kaldara úti en inni, einsog að koma inni ísskáp sem verið er að afþíða og er búinn að standa í 7 tíma, nema það var bjart, svona sumar, og þetta var rétt fyrir lokun og það voru svona roðarendur á himninum, nokkur svipuhögg af sól, og Hegningarhúsið undir honum, fallega fullt af lesandi föngum, og trén að lafast uppfyrir þök og fuglar að fá það, og bílarnir vel handbremsaðir í sínum hallandi stæðum, stöðumælar saddir af mynt og verðirnir og allt hitt bordóms-settið vandlega langt í burtu, - handjarnað heima yfir ellefufréttuum - og (vantaði bara sjálfan Megas á leið upp stíginn með heitt tæ i maga) fyrir aftan mig var heilt bókasafn af spólum, 17.000 tökudagar í La, og ég heyrði malið í kreditkortavélinni djúpt inná leigunni um leið og ég fann fyrir spólunum tveimur í hendinni, þau lágu þar saman Michelle Pfeiffer og Steve Martin einsog vandlega valið par til ástarleiks: sá gáfaðisti og sú fallegasta í Hollywood - ég fyrirgef henni jafnvel að vera ekki með brjóst - og þetta var allt svo gott og vel rekið og gott veður og vel tekið og góð lýsing og einhvernveginn allir saman, á jörðinni, góðir í geimnum: þetta var móment af hamingju. Ég varð hamingjusamur í 15 sekúndur. Í útdrym Aðalvídeóleigunnar á Klapparstíg kl. 23.04 í júní. Sumir hefðu sjálfsagt frelsast þarna í sömu þröskuldarsporum og ég og farið aftur inná leiguna og fundið Guð í „drama“-hillunni. En ég beið aðeins lengur, reyndi að framlengja augnablikið, en það var búíð, það var búíð um leið og ég fattaði það. Var þetta ekki einhverskonar „ást“? En ást til hvers? Þetta var í fyrra. Efirminnilegasti atburður ársins fyrir utan pilluhvarfið í Sniðmenginu og pabbasamtalið í Kastalanum. Nei þarna er hann. Svona hefði Jósep Jesúpabbi verið ef þeir hefðu haft myndavélar árið

Verkefni í tengslum við bókina *Tíminn er eins og vatnið*
Brynja og Hallfríður

33: Gráskeggjaður og fráskilinn, blautur og ævarandi beiskur: Fórnarlamb frægasta „framhjáhalds“ sögunnar og kominn með einhverja gamla hirð-grúppíu, einhverja pílatussu á gömlum Pontíak. Sara:

„Sæll og gleiðilegt ár.“

Já. Gleitt nýtt ár.

„Já sömuleiðis. Þið hafið ákveðið að kíkja.“

„Já, við vorum hjá Geira bróðir en þabba þinn langaði svo til að sjá þig. Þetta er aldeilis partý hér. Mikið rosalega er heitt hérna.“

„Já. Það er útaf Þóri. Hann kemur nakinn fram í kvöld.“

„Nú? Bara striptís? Ha ha ha . . . „

„Lolla þetta er Sara. Sara. Lolla. Já nei þið hafið hist.“

„Já um daginn, hjá Elsu.“

„Já það var rosa partý maður. Voruði lengi? Gerðuði eitthvað á eftir?“

Settu textabrotin undir mælistiku póstmóðernisma og svaraðu eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða póstmóðernísku einkenni er að finna í sögubrotunum? Ekki er nóg að sýna, líka þarf að útskýra: Þetta er póstmóðernískt af því að... (litaðu og skrifaðu út á spássíu eða inn í texta verksins)
2. Gefðu sérstakan gaum að stílnum. Orðaleikir, slangur, ruddaleg orð og nýyrði, langar setningar (hugflæði), stuttar setningar einkenna stílinn. Finndu nokkur dæmi og sýndu. Hvaða áhrif hefur þetta á textann?
3. Hver er „mælikvarðinn á kvenfólk“? Hvað segir það þér um aðalpersónuna Hlyn Björn í 101 Reykjavík?